„Tilkynning um staðsetningu“ [1)]

Atriði:	Kóði:	Tegund:	Mesta lengd:	Form:	Athugasemdir:
Upphaf skeytis	SR				*Kerfisupplýsingar:* Gefa til kynna upphaf skeytisins.
Viðtakandi	AD	Texti	3	ISO-3166	*Skeytaupplýsingar:* Viðtakandi, **„ISL“** fyrir Ísland.
Númer skeytis	SQ	Tala	6	1 - 999999	*Skeytaupplýsingar:* Raðnúmer skeytisins vegna veiða á viðeigandi svæði á yfirstandandi ári.
Tegund skeytis	TM	Texti	3	Kóði	*Skeytaupplýsingar:* Tegund skeytis **„POS“** sem tilkynning um staðsetningu.
Lengd	LA	Texti	5	NDDMM (WGS-84)	*Athafnaupplýsingar:* Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Breidd	LO	Texti	6	E/WDDDMM (WGS-84)	*Athafnaupplýsingar:* Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Dagur	DA	Tala	8	ÁÁÁÁMMDD	*Skeytaupplýsingar:* Dagsetning sendingar.
Tími	TI	Tala	4	KKMM	*Skeytaupplýsingar:* Tími sendingar.
Endir skeytis	ER				*Kerfisupplýsingar:* Gefa til kynna endi skeytisins.

1) Þetta skeyti skal senda við eftirfarandi aðstæður:
a) Ef búnaður til sjálfvirkra stöðutilkynninga bilar.
b) Um leið og skip fer yfir lögsögumörk við komu inn á svæðið eftir að hafa sent komutilkynningu.
c) Um leið og skip fer yfir lögsögumörk við brottför af svæðinu eftir að hafa sent lokatilkynningu.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. febrúar 2003.

Árni M. Mathiesen.

Þórir Skarphéðinsson.

5. febrúar 2003 Nr. 68

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með línu og fiskibotnvörpu á Sléttugrunni.

1. gr.

Frá og með 7. febrúar 2003 eru allar veiðar með línu og fiskibotnvörpu óheimilar á Sléttugrunni, á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67° 07´N - 17° 24´V
2. 67° 07´N - 17° 20´V

3. 66° 51´N - 17° 04´V
4. 66° 51´N - 17° 20´V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. febrúar 2003.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Nr. 69 4. febrúar 2003

REGLUGERÐ

um veiðar úr úthafskarfastofnum 2003.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til flotvörpuveiða íslenskra skipa úr úthafskarfastofnum á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC), utan þeirra svæða sem falla undir fiskveiðilögsögu samningsaðila og innan fiskveiðilandhelgi Grænlands, í samræmi við samning þjóðanna þess efnis. Ennfremur til úthafskarfaveiða fiskiskipa, sem leyfi hafa til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er þau stunda veiðar á úthafskarfa með flotvörpu utan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°20´N - 29°45´V (við miðlínu milli Íslands og Grænlands).
2. 63°00´N - 26°00´V
3. 62°00´N - 27°00´V
4. 60°22´N - 24°20´V

Þá tekur reglugerðin til veiða á úthafskarfa sem veiddur er á svæði 1 F og reiknast aflinn til aflamarks viðkomandi skips sbr. 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Um þær veiðar gilda ákvæði reglugerðar nr. 36, 15. janúar 2003, um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar, NAFO 2003.

Ráðherra er heimilt að breyta umræddu veiðisvæði sé talin ástæða til vegna samsetningar afla.

2. gr.

Íslenskum fiskiskipum er óheimilt að stunda flotvörpuveiðar á úthafskarfa skv. 1. gr. án sérstaks leyfis Fiskistofu.

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar á úthafskarfa í flotvörpu, sem hafa aflamark í úthafskarfa, sbr. 3. og 4. gr.